



Lúxemborg, 27. janúar 2010

FRÉTTATILKYNNING 2/2010

Dómur í máli E-4/09 *Inconsult Anstalt* gegn *the Financial Market Authority (Finanzmarktaufsicht)*

DÓMSTÓLLINN FJALLAR UM HVAÐA SKILYRÐI VEFSÍÐUR ÞURFA AÐ UPPFYLLA TIL AÐ TELJAST “VARANLEGUR MIÐILL” Í SKILNINGI TILSKIPUNAR UM VÁTRYGGINGAMIÐLUN

Með dómi sem kveðinn var upp 27. janúar sl. veitti EFTA-dómstóllinn ráðgefandi álit varðandi spurningu sem kærunefnd Fjármálaeftirlitsins í Liechtenstein, *Appeals Commission of the Financial Market Authority in Liechtenstein*, vísaði til dómstólsins vegna túlkunar á 12. mgr. 2. gr. tilskipunar 2002/92/EB um miðlun vátrygginga. Spurningin snýr að því hvaða skilyrði þurfi að uppfylla til að vefsíða (*Internet site*) teljist „varanlegur miðill“ í skilningi þeirrar greinar.

Í máli sem rekið er fyrir kærunefndinni vefengir einkafyrirtækið *Inconsult* ákvörðun Fjármálaeftirlits Liechtenstein þar sem fyrirtækinu er gert að fara að þarlandum reglum um upplýsingaskyldu vátryggingamiðlara. *Inconsult* heldur því fram að fyrirtækið hafi þegar uppfyllt skyldur sínar að þessu leyti með því að starfrækja vefsíðu þar sem tilskildar upplýsingar komi fram. Samkvæmt innlendra lögjöf og tilskipun nr. 2002/92/EB ber að veita viðskiptavinum upplýsingarnar á pappír eða öðrum varanlegum miðli. Ágreiningur málsins lýtur að því hvort vefsíða fyrirtækisins geti talist slíkur miðill og hvort fyrirtækið hafi þar með fullnægt upplýsingaskyldu sinni. Ákvæði í lögum Liechtenstein um skilgreiningu hugtaksins „varanlegur miðill“ var tekið upp í lög til að framfylgja skuldbindingum Liechtenstein samkvæmt tilskipun 2002/92/EB, eins og hún var tekin upp í EES-samninginn.

Í úrlausn dómsins kemur fram að til þess að tryggja vernd neytenda hafi verið mælt fyrir um ákveðnar lágmarksskyldur varðandi upplýsingar sem vátryggingamiðlurum ber að veita viðskiptavinum og hvernig staðið sé að upplýsingagjöfni. Með því að áskilja að þessar upplýsingar séu veittar á pappír eða öðrum varanlegum miðli gerir tilskipunin það að verkum að auðveldara er að sannreyna upplýsingar sem miðlari hefur veitt viðskiptavinum sínum.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að vefsíða geti talist varanlegur miðill samkvæmt 12. mgr. 2. gr. tilskipunarinnar, að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í fyrsta lagi verði vefsíðan að gera viðskiptavininum kleift að geyma upplýsingarnar sem um ræðir. Í öðru lagi verði vefsíðan að gera viðskiptavininum kleift að geyma upplýsingarnar með þeim hætti að þær séu aðgengilegar honum í þann tíma sem telst viðunandi með tilliti til þeirra markmiða sem þær þjóna, þ.e.a.s. eins lengi og þær hafa þýðingu fyrir viðskiptavininn til þess að hann geti verndað

Þá hagsmuni sína sem tengjast samskiptum hans við váttryggingamiðlarann. Þessi tími geti náð til þess tímabils sem samningaviðræður áttu sér stað, jafnvel þótt ekkert verði úr gerð endanlegs váttryggingasamnings, tímabilsins sem váttryggingasamningur er í gildi og jafnvel tímabilsins eftir að hann fellur úr gildi, ef nauðsynlegt er, til dæmis fyrir viðskiptavin til að leita réttar síns.

Til að teljast varanlegur miðill verður vefsíðan í þriðja lagi að vera þannig úr garði gerð að hægt sé að að afrita upplýsingarnar óbreyttar. Í þessu sambandi er í dóminum kveðið á um að afrita beri upplýsingarnar sem geymdar eru þannig að váttryggingamiðlarinn geti ekki breytt þeim einhliða. Váttryggingarmiðlara ber í öllum tilfellum að tryggja að rafrænar samskiptaaðferðir sem hann notar leyfi slíka framköllun upplýsinga. Að lokum taldi dómurinn að þegar ákvarðað er hvort vefsíða teljist varanlegur miðill skipti ekki máli hvort viðskiptavinur hafi veitt gagnert samþykki fyrir miðlun upplýsinga gegnum internetið.

Dóminn í heild sinni er að finna á vefslóð EFTA-dómstólsins: www.eftacourt.int

Fréttatilkynning þessi er ekki opinbert skjal. Dómurinn sjálfur gildir.